

Leiðarþing 2014

Laugardaginn 20. september
í Hlíðarbæ Hörgársveit kl.11:00-15:30

- ▶ Viltu taka þátt í að skapa fjölbreytt menningar- og mannlíf?
- ▶ Viltu kynnast nýju fólki og skemmtilegum hugmyndum?
- ▶ Ertu með hugmynd og vantar samstarfsaðila?
- ▶ Þá er Leiðarþing eitthvað fyrir þig!

Dagskrá

Fram á veginn

Arnór Benónýsson formaður Menningarráðs Eyþings

Sjálfbær framtíð í höndum ungs fólks

Ragnheiður Skúladóttir, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar

„Láttu verða af því“ (Just Do It)

Ármann Einarsson listamaður (óháður)

Hádegisverður

Aftur heim

Hildur Ása Henrysdóttir, nútímafræðingur og nemi í Listaháskóla Íslands.

Hraðstefnumót hugmynda

Stjórnandi: Kristín Sóley Björnsdóttir

Vinnustofa

Þinglok áætluð kl. 15.30

Leiðarþingið er þátttakendum að kostnaðarlausu en skráning fer fram á heimasíðu menningarráðs www.eything.is/menningarrad

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi Eyþings sími 464 9935 eða á netfanginu menning@eything.is

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

33. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 10. sept. 2014

Afmælisbörn dagana 11. sept. — 17. sept. 2014

11. Sigurður Erlingsson, Þorlákur Páll Jónsson.
13. Haukur Aðalgeirsson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Lúðvík Ragnar Friðriksson, Ólöf Kristín Lin Örnólfsdóttir
14. Lauren Elizabeth Halldórsdóttir.



Íþróttæfingar í vetur.

Blak fyrir 6. - 10. bekk, mánudaga kl: 15:15 - 16:00.

Kennari: Soffía Kristín Björnsdóttir.

Æfingar byrjuðu 8. september.

Fótbolti fyrir 1. - 10. bekk, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 15:20 – 16:30.

Kennari: Jón Friðriksson.

Æfingar byrja 16. september.

Kæri lesandi!

Laugardaginn 6. september var safnað fyrir innanlandsverkefnum Rauða krossins, sem eru fjölmörg um land allt.

Má þar nefna meðal annars, heimsóknvini, neyðarvarnir, áfallahjálp, fataúthlutanir og fjölskylduaðstoð.

Þar sem ekki var hægt að ganga á þínu svæði þá viljum við benda þér á að þú getur lagt þitt að mörkum með því að hringja í söfnunarsíma Rauðakrossins, og gefa 1500, 2500 eða 5500kr, eða leggja inn á söfnunarreikninginn 0342 – 26 – 12, kt. 530269 – 2649.

Þinn stuðningur getur skipt sköpum.

Söfnunarsími 904 1500, 904 2500 og 904 5500

Með fyrirfram þökk



Mýflugan

**Kæru lesendur
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



16. september er *Dagur íslenskrar náttúru* og í tilefni af því mun Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn standa að fyrirlestri í Mývatnsstofu í Reykjahlíð, klukkan 20:30.

Fyrirlesturinn nefnist:

„Náttúra í jafnvægi?“

Í honum verður fjallað um hugmyndir manna um jafnvægi í náttúrunni og hvernig þær hafa verið að breytast eftir því sem þekking okkar eykst.

Tekið er dæmi af silungsveiði í Mývatni, en hún hefur breyst meira í árána rás en flesta grunar. Skoðun á sögulegum heimildum og borkjörnum úr setlögum víkkar skilning okkar á aflabrögðum í þessu fornfræga veiðivatni.

Fyrirlesari: Dr. Árni Einarsson

Þriðjudagur 16. september kl. 20:30 í Mývatnsstofu í Reykjahlíð

Allir velkomnir, aðgangur er ókeypis.

Kæru Mývetningar.

Eitt á ég sameiginlegt með ykkur – ég elska þessa sveit. Nú hef ég skrifað bók um hana sem ætluð er ferðamönnum. Ég býð ykkur að hlusta á upplestur úr bókinni (á íslensku) í Reykjahlíðarskóla sunnudaginn 14. sept. klukkan 20:30.

Dóttir mín, Brynja Bjarnadóttir,
flytur lögin sín á milli lestra.

Kaffi og með því á eftir.
Hjartanlega velkomin.

Björg Árnadóttir (í Mývatnsstofu)